

við mig, að sjer verði endurgoldinn úr landssjóði tekjuhalla sá, sem hann kveðst biða 41 fardagaárin 1887—88 og 1888—89, við það, að afgangurinn af jörðum þeim, sem út hafa 23. febr. verið lögð Fjarðarprestakalli, nái eptir verðlagsskránum eigi 500 kr. upphæð, og telur hann tekjuhalla pennan fyrir bæði fardagaárin að viðbættum umboðskostnaði alls kr. 253,97.

Út af þessu skal yður, herra amtmaður og háaruverðugi herra, hjer með tilkynnt til þóknanlegrar birtingar fyrir prestinum að Firði í Mjóafirði, sjera Þorsteini Halldórssyni að umgetin ráðstöfun, að leggja Fjarðarprestakalli jarðir út upp í 500 kr. af tillaginu úr landssjóði, sje framkvæmd að boði ráðgjafans í ofan nefndu brjefi að fengnum úrskurði konungs, sbr. ráðgjafabrjef 18. apríl 1887, enda sje slík ráðstöfun samkvæm tilætlun alþingis og 3. gr. prestakallalaganna 27. febrúar 1880; það liggi líka í augum uppi, að eins og presturinn geti beðið einhvern halla við það, að verðlagsskrár sjeu lágar og hin umræddu jarðarafgjöld þannig eigi nái 500 kr., eins geti líka hæglega farið svo, að verðlagsskrár verði svo háar, að jarðarafgjöldin fari fram úr 500 kr., og verður það þá ágóði prestsins. Af þessum ástæðum sjái eg enga ástæðu til að prestinum verði greiddur þessi tekjuhalla, en hann geti auðvitað, vilji hann eigi hlíta þessum úrslitum, snúið sjer beina leið til ráðgjafans.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 42 tilkall Staðarkirkju í Steingrímsfirði til hvalreka á Þjóðjörðinni Reykjanesi. — 28. febr. Síðastliðinn vetur rak hval á Þjóðjörðinni Reykjanesi í Árneshreppi, sem heyrir undir Strandasýslu-jarðir. Presturinn að Stað í Steingrímsfirði gjörði fyrir hönd Staðarkirkju, tilkall til helmings af hvalnum, en umboðsmanni þótti eigi tilkall hans á fullum rökum byggt og tók andvirði alls hvalsins í umboðssjóð. Með því nú að ofan nefndur presur hefur með skilrikjum sannað rjett Staðarkirkju til hálfis reka á jörðinni Reykjanesi, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir umboðsmann Strandasýslujarða, að greiða prestinum að Stað í Steingrímsfirði úr umboðssjóði andvirði helmingsins af umræddum hval að frádregnum öllum kostnaði.

Brjef landshöfðingja til póstmestarans í Reykjavík um endurgjald á 10 kr. 43 er glatast höfðu úr peningapóstsendingu. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef 28. febr. yðar, herra póstmearari, dags. 20. p. m. þar sem þjer skýrið frá, að af peningasendingu frá Skúla sýslumanni og bæjarfógeta Thoroddsen að upphæð kr. 34,65, sem hann sjálfur hafði farið með á póstafgangi á Ísafirði og látið póstafgangslummanninn telja og fengið kvittun hans fyrir, hafi vantað 10 kr. þegar viðtakandi tók við peningasendingunni á brjefhirðingastaðnum Breiðabólstað á Skógarströnd og opnaði hana í viðurvist brjefhirðingarmannsins þar — skal jeg þjónustusamlega skora á yður að greiða ofangreindum sendanda umgetnar 10 kr. úr póstsjóði og sömuleiðis hlutast til um, að póstafgangslummaðurinn á Ísafirði endurgjaldi póstsjóði þessar 10 kr., þar sem hann hefur gefið út póstkvittun fyrir að kr. 34,65 hafi verið rjett skilað á póstafgangsluna, svo að hinar vantandi 10 kr. hljóta að hafa runnið inn til hans eða tapast í vörslum hans.